

Nd.

47. Frumvarp

til laga um veðurathuganastöð í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

1. gr.

Veðurathuganastöð skal sett á stofn í Reykjavík eða þar í nánd.

2. gr.

Stöðin skal rannsaka veðráttu og veðrahrigði að því er Ísland varðar, svo sem fóng eru á, og gefa daglega út skýrslu um það, hverra veðra sje von.

3. gr.

Fastir starfsmenn skulu vera tveir, forstjóri og aðstoðarmaður. Ákveður stjórnarráðið laun þeirra.

Forstjóri skal skyldur að flytja nokkra fyrirlestra við Háskóla Íslands skólaár hvert, um almenna veðurfræði og veðráttu á Íslandi.

4. gr.

Forstjóri skal, með ráði landsstjórnar, fá gerðar veðurathinganir þar, er þurfa þykir á landi voru; skulu þaðan veðurskýrslur sendar daglega eða á þann hátt, sem forstjóri semur um. Veðurathuganaáhöld til stöðva þessara leggur landssjóður fram og greiðir þóknun fyrir starfaun.

5. gr.

Í öllum verstöðum landsins, er hafa hraðskeytasamband, kaupstöðum og kauptúnum, skal setja viðvörunarstöðvar, er birli daglega veðurskýrslur stöðvarinnar í Reykjavík og gefi glögg merki þegar snöggra veðrabrigða er von. Landssjóður kostar áhöld þau, er með þarf, en sveitarsjóðir eða bæjar-sjóðir greiða þóknun fyrir starfann.

6. gr.

Stjórnarráðið ákveður nánara með reglugerð alt það, er viðvikur at-huganastöðinni í Reykjavík, sambandi hennar við aðrar stöðvar og um stofn-setning og fyrirkomulag viðvörunarstöðva.

7. gr.

Veðurathuganastöðin sje stofnselt svo fljótt, sem við verður komið.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var til umræðu á síðasta þingi og var afgreitt frá neðri deild með samhljóða atkvæðum, en tími vanst ekki til þess að fá það útrætt í efri deild. — Nefndinni þótti því sjálfsagt að hreyfa máli þessu, þar sem enginn ágreiningur virtist vera um nauðsyn þess.

Þá var enn fremur ný ástæða, sem kom nefndinni til að bera frumvarp þetta fram, en hún er sú, að miklar líkur eru til, að ungur og efnilegur íslenskur námsmaður fái nú til þess að leggja stund á veðurfræði, ef hann sæi, að hjer á landi yrði hægt að fá atvinnu í þeirri grein. Að öðrum kosti myndi hann leggja stund á aðrar námsgreinar. Nefnðin álitur mikilsvert, að íslenskur maður, veður-fræðingur, gæti strax orðið forstjóri stöðvarinnar í Reykjavík, þegar hún verður stofnselt, og væntir þess því, að Alþingi leyfi þessu máli fram að ganga svo fljótt sem unt er. Telur hún líklegt, að slík lög yrðu næg hvöt fyrir mann þann, sem áður er um getið, til þess, að hann snúi sjer strax að veðurfræðinni, en ekki öðru.